

# Ársskýrsla 2017

## Efnisyfirlit

<b>1.0 Framkvæmd</b> .....	<b>1</b>
<b>2.0 Stjórnarnefnd</b> .....	<b>2</b>
<b>3.0 Samningar um landsaðgang</b> .....	<b>4</b>
<b>4.0 Þjónusta</b> .....	<b>7</b>
<b>5.0 Kynningarstarfsemi og fræðsla</b> .....	<b>8</b>
<b>6.0 Notkun</b> .....	<b>9</b>
<b>7.0 Yfirlit</b> .....	<b>11</b>

*LANDSAÐGANGUR að rafrænum áskriftum* er upplýsingaveita fyrir Ísland.

Allir sem tengjast netinu í gegnum íslenskar netveitur hafa aðgang að þeim gagnasöfnum, rafrænu tímaritum og rafbókum sem eru í áskrift á vegum Landsaðgangs.

Á vefnum hvar.is er að finna upplýsingar um Landsaðgang, s.s. upplýsingar um áskriftir, notkunartölur, greiðendur og þar eru tenglar í leitarvélar birgja. Þá er á vefnum leitargluggi fyrir samleit í gegnum leitir.is að efni Landsaðgangs og efni í opnum aðgangi. Á vefnum eru einnig upplýsingar um íslensk gagnasöfn, tenglar í séráskriftir íslenskra háskóla, fréttir af starfsemi Landsaðgangs og tilkynningar um viðburði. Vefsíðan er einnig á ensku.

### 1.0 FRAMKVÆMD

Skv. lögum um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn (Lbs-Hbs) nr. 142/2011 er það verkefni safnsins að efla aðgang að erlendum gögnum í þágu vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs. Það er meðal annars gert með því að annast framkvæmd samninga um Landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum, tímaritum og bókum í samráði við helstu hagsmunaaðila. Í skýrslu innviðanefndar Vísinda- og tækniráðs, *Vegvísir um innviði til rannsókna* (2009) er Landsaðgangur skilgreindur sem rannsóknainnviður (research infrastructure). Til rannsóknainnviða teljast, tæki, aðstaða, gagnagrunnar, þjónusta, kerfi, tölvunet eða annað sem talist getur nauðsynlegt fyrir iðkun vísinda.

Á fjárlögum ársins 2017 var úthlutað 41,3 milljónum kr. til Landsaðgangs. Það fé rennur til rekstrar verkefnisins og til niðurgreiðslu á samningum við birgja samkvæmt ákvörðun stjórnarnefndar. Sérstakt framlag ríkissjóðs 2017 var 88,5 milljónir kr.

Heildarkostnaður við Landsaðgang á árinu 2017 var 207,4 milljónir, þar af 18,6 milljónir í rekstur en áskriftir kostuðu 187,8 milljónir.

Árlega er hluti útsendra reikninga ekki greiddur. Reynt er að innheimta þá eða semja um greiðslur, en þar sem engir formlegir samningar eru milli greiðenda og Landsaðgangs, er erfitt að halda innheimtunni til streitu. Á árinu voru afskrifaðar, með heimild frá Ríkisendurskoðun, reikningar frá árinu 2013, alls 1.879.608 kr.

Umsjónarmaður Landsaðgangs frá 2008 er Birgir Björnsson. Störf hans felast m.a. í samskiptum við birgja, hann þjónustar notendur og greiðendur, sér um kynningu og kennslu, uppfærir íslenskar IP-tölur, er ritstjóri vefsins hvar.is, er í samstarfi við starfsfólk Landskerfis bókasafna vegna lýsigagna og efnis Landsaðgangs, tekur þátt í störfum nefnda og hópa Landskerfis bókasafna eftir því sem við á og hefur umsjón með og stýrir vinnu rýnihópa um málefni Landsaðgangs. Nokkrir aðrir starfsmenn Lbs-Hbs koma að ýmsum verkefnum tengdum Landsaðgangi s.s. samningagerð, gerð greiðsluáætlana, innheimtu, fjárumsýslu og vefmálum. Þessi störf samsvara yfirleitt um tveimur ársverkum í safninu.

## 2.0 STJÓRNARNEFND

Fimm manna stjórnarnefnd er landsbókaverði til ráðgjafar en í henni sitja fulltrúar helstu greiðenda. Hlutverk stjórnarnefndarinnar er að:

- a) taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku um val á rafrænum áskriftum í Landsaðgangi,
- b) ákveða kostnaðarskiptingu milli notendahópa á hverju ári, að teknu tilliti til hugsanlegra breytinga á högum hvernar stofnunar,
- c) gera árlega fjárhagsáætlun um innkaup og kostnaðarskiptingu og skal sú áætlun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi ár,
- d) taka þátt í og/eða fylgjast með samningagerð við birgja.

Stjórnarnefndin hélt 7 fundi á árinu. Auk þess tóku nefndarmenn þátt í kynningarfundum á vegum birgja. Nefndin starfar eftir erindisbréfi frá 8. júní 2007.

Stjórnarnefnd var síðast tilnefnd á ársfundi 2010. Breytingar urðu á stjórnarnefnd 2017. Í upphafi árs tók Anna Sigríður Guðnadóttir við af Sólveigu Þorsteinsdóttur, sem hætti í stjórnarnefnd í árslok 2016. Sólveig hefur komið að rafrænum áskriftum allt frá því fyrir stofnun Landsaðgangs 1999 og hefur einnig verið leiðandi á sviði opins aðgangs. Varamaður Önnu var Magnús Gottfredsson. Í október hóf Sara Stef. Hildardóttir, forstöðumaður bókasafns Háskólans í Reykjavík þátttöku í stjórnarnefnd, varamaður var Astrid Margrét Magnúsdóttir. Pálína Magnúsdóttir hætti í stjórnarnefnd í október og við tók Brjánn Birgisson, verkefnastjóri rafrænnar þjónustu og tækni hjá Borgarbókasafni, varamaður var Þóra Sigurbjörnsdóttir. Þá lét Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, landsbókavörður af stjórnarformennsku í október og við formennsku tók Guðrún Tryggvadóttir, sviðsstjóri þjónustu og miðlunar hjá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Í lok árs 2017 voru í stjórnarnefnd; Anna Sveinsdóttir, varamaður Ásdís H. Hafstað, Anna Sigríður Guðnadóttir, varamaður Magnús Gottfredsson, Baldvin Zarioh, varamaður Jenný Bára Jensdóttir, Brjánn Birgisson, varamaður Þóra Sigurbjörnsdóttir, Sara Stef. Hildardóttir, varamaður Astrid Margrét Magnúsdóttir. Formaður stjórnarnefndar; Guðrún Tryggvadóttir.

### **Verkefni stjórnarnefndar**

Stjórnarnefnd samþykkti fjárhagsáætlun Landsaðgangs 2017 og gekk frá greiðsluskiptingu fyrir árið 2017. Meðal annarra verkefna má nefna umfjöllun um tilboð og samþykkt samninga, breytingar á tímaritalistum, eftirlit með innheimtu og greiðslum, umfjöllun um notkun efnis í Landsaðgangi og samskipti við birgja, auk þess sem rætt var um opinn aðgang og þróun á sölu rafræns efnis. Fjallað var um breytingar á forsendum greiðslulíkans framhaldsskólanna sem unnar voru í samráði við skólanna. Fjallað var um erindi frá útgefendum og birgjum sem að vilja selja áskriftir í landsaðgangi í Íslandi. Á árinu hófst endurskoðun erindisbréfs stjórnarnefndar.

Landsaðgangur hefur verið þátttakandi í ICOLC (International Coalition of Library Consortia) síðan 2009 og hefur aðgang að póstlista samtakanna. Samtökin hafa birt staðlaðan samning, *Liblicense Model License Agreement*, sem samlög og bókasöfn geta notað sem fyrirmynd við samningagerð. Þá er Landsaðgangur aðili að COUNTER (Counting Online Usage of Network Electronic Resources) síðan 2010 og hefur aðgang að upplýsingaveitum samtakanna. Samtökin hafa haft frumkvæði að þróun samnefndra staðla um talningu á notkun rafræns efnis. Óskað er eftir að þeir útgefendur sem skipt er við noti COUNTER staðalinn.

### **Þátttaka í SCOAP3**

Landsaðgangur hefur einnig verið þátttakandi í SCOAP3 (Sponsoring Consortium for Open Access Publishing in Particle Physics) frá 2015, en það er verkefni um opinn aðgang að greinum í tímaritum á sviði kjarneðlis-öreindafræði og er á vegum CERN stofnunarinnar í Sviss. SCOAP3 greiðir fyrir birtingu í opnum aðgangi í tímaritunum tíu. Reikningar frá útgefanda til greiðenda lækka. Mismunurinn er greiddur í sjóð SCOAP3. Með þátttöku Landsaðgangs í SCOAP3 falla niður greiðslur vegna greina frá íslenskum höfundum eða greina sem eru unnar á vegum íslenskra stofnana. Árið 2017 lækkaði áskriftarkostnaður vegna tímaritanna, *Journal of High Energy Physics*, *European Physical Journal C* frá Springer og ritanna *Nuclear Physics B* og *Physics Letters B* frá Elsevier. Lækkunin rann til SCOAP3 verkefnisins. Ekki er um sparnað að ræða heldur er litið á þátttöku í SCOAP3 sem stuðning vegna þróunar á opnum aðgangi að niðurstöðum vísindarannsóknna.

### **Samningar vegna 2018 og síðar**

Áskrift að tímaritum Karger var endurnýjuð fyrir tímabilið 2018 – 2020. Áskrift að tímaritasafni frá Wiley var endurnýjað til eins árs og áskrift að tímaritasafni frá Elsevier var endurnýjað til tveggja ára 2018 og 2019. Aðgangur að gagnasöfnum Ebsco var endurnýjaður til eins árs. Áskrift að ProQuest Central frá ProQuest var endurnýjuð til eins árs. Áskrift að gagnasöfnum frá Encyclopædia Britannica var endurnýjuð til þriggja ára, 2018 – 2020, en það eru gagnasöfnin Academic og School.



### 3.0 SAMNINGAR UM LANDSAÐGANG

Aðgangur að gagnasöfnum var óbreyttur á árinu.

#### *Gagnasöfn:*

- Encyclopedia Britannica (Academic og School)
- Greinasafn Morgunblaðsins - með 3ja ára birtingartöf
- Web of Science

Encyclopedia Britannica er safn greina sem að grunni til eru úr eldri prentuðum alfræðiritum og með síðari tíma viðbótum á vef. Landsaðgangur er að greinasafni Morgunblaðsins en með þriggja ára birtingatöf efnis. Web of Science er tilvísanasafn og sýnir útdrátt og bókfræðilegar upplýsingar um greinar í vísindatímaritum. Hægt er að sækja heildartexta greina með SFX krækjuckerfinu þegar aðgangur er að grein í gagnasafni eða tímaritasafni í Landsaðgangi. Einnig er hægt að komast í tilvísandi greinar í Web of Science með krækjuckerfi Google Scholar.

#### *Samsöfn:*

- EBSCOhost Premier
  - Academic Search Premier. Í gagnasafninu eru 17.077 titlar, þar eru 4.768 titlar í fullum texta og af þeim eru 3.998 ritrýnd. Fjöldi tímarita í opnum aðgangi eru 623 titlar.
  - Business Source Premier. Í gagnasafninu er fjöldi titla 6.342, þar af eru 2.177 í fullum texta og af þeim eru 1.098 ritrýnd. Fjöldi tímarita í opnum aðgangi eru 130 titlar.
  - MasterFile Premier. Í gagnasafninu er fjöldi titla 2.689, þar af eru 1.632 í fullum texta og af þeim eru 360 ritrýnd. Fjöldi titla í opnum aðgangi eru 118.

Fjöldi titla í fullum texta í EBSCOhost er 7.229 þegar búið er að taka tillit til tvítaka í gagnasöfnunum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda tímaritstitla sem eru í yfirstandandi útgáfu. Heildarfjöldi tímarita í opnum aðgangi í gagnasöfnum Ebsco er 881 eða tæplega 12,2% af fjölda tímaritstitla í fullum texta.

- ProQuest Central. Í gagnasafninu eru fjöldi titla 25.395 og þar af eru 19.873 titlar í fullum texta og af þeim eru 11.762 tímaritstitlar í yfirstandandi útgáfu. Fjöldi fræðilegra tímarita er 12.744 titlar og þar af 9.535 í fullum texta og af þeim eru 6.845 titlar í yfirstandandi útgáfu. Fjöldi tímarita í opnum aðgangi eru 1.766, eða um 8,9% af fjölda tímaritstitla í fullum texta.

Samsöfn eru söfn tímarita og annars rafræns efnis frá mörgum útgefendum. EBSCOhost og ProQuest gera samninga við útgefendur af öllu tagi og safna saman aðgangsréttindum í stóra pakka. Við því er að búast að aðgangur að greinum í fullum texta sé með birtingartöf sem oftast er frá einum mánuði að einu ári. Nokkur skörun er á efni á milli EBSCO safnanna og ProQuest Central og þá er einnig skörun í efni við tímaritasöfn. Áætlað er að samanlagt hafi verið aðgangur verið að 16.754 vísindatímaritum í fullum texta hjá samsöfnunum tveimur.

#### *Tímaritasöfn:*

- Elsevier - Freedom Collection. Fjöldi virkra tímaritstitla er 2.260, en samtals er aðgangur að 2.414 tímaritum þegar einnig eru taldir titlar sem hætt hafa útgáfu eða þeir farið til annarra útgefenda. Fjöldi ritrýndra tímaritstitla er 2.160.
- Karger - Complete Collection. Fjöldi virkra tímaritstitla er 84, en samtals er aðgangur að 149 tímaritum þegar einnig eru taldir titlar sem hætt hafa útgáfu eða þeir farið til annarra útgefenda. Fjöldi ritrýndra tímaritstitla er 103.
- Sage - Premier 2016. Fjöldi virkrar tímaritstitla er 795, en samtals er aðgangur að 852 tímaritstitlum þegar einnig eru taldir titlar sem hætt hafa útkomu eða þeir farið til annarra útgefenda. Fjöldi ritrýndra tímaritstitla er 747.
- Springer – áskriftarpakki. Fjöldi virkra tímaritstitla er 1.585, en samtals er aðgangur að 1.700 tímaritum, þegar einnig eru taldir titlar sem hætt hafa útkomu eða þeir farið til annarra útgefenda. Fjöldi ritrýndra tímaritstitla er 1.631.
- Wiley – áskriftarpakki. Fjöldi virkra tímaritstitla er 714, en samtals er aðgangur að 1.059 tímaritum, þegar einnig eru taldir titlar sem hætt hafa útkomu eða þeir farið til annarra útgefenda. Fjöldi ritrýndra tímaritstitla er 707.

Heildarfjöldi vísindarita hjá útgefendum í landsaðgangi er 6.174 (þar með taldir titlar sem hætt hafa útkomu eða farið til annarra útgefenda og þar af eru 5.348 tímaritstitlar ritrýndir. Fjöldi virkrar tímaritstitla hjá útgefendum í lok árs er 5.438.

Tímaritasöfn innihalda aðallega tímarit frá einum útgefanda, en auk þess geta verið með nokkur tímarit frá öðrum útgefendum eins og fræðafélögum.

Þegar fjöldi í samsöfnum og tímaritasöfnun er meðtalinn má gera ráð fyrir að í lok árs 2017 hafi landsaðgangur verið að 22.928 titlum vísindarita í fullum texta.

*Rafbókasöfn:*

- Springer Link
  - Biomedical and Life Sciences (1.705 titlar)
  - Business and Economics (1.440 titlar)
  - Computer Science (3.201 titlar)
  - Earth and Environmental Science (1.163 titlar)
  - Humanities, Social Sciences and Law (2.379 titlar)

Í upphafi árs 2013 var gerður samningur til þriggja ára við Springer um árleg kaup á um 3 þús. rafbókatitlum. Í árslok 2017 var aðgangur að 9.888 rafbókartitlum frá Springer. Notendur geta hlaðið rafbókunum niður í tölvutæki sín og vistað þar svo lengi sem þeir kjósa.

*Áskriftarkostnaður:*

Kostnaður við áskriftir var 187,8 milljónir kr., þar af 40,3 milljónir kr. fyrir gagnasöfn og 147,5 milljónir kr. fyrir tímaritasöfn. Framlag af fjárlögum til Landsaðgangs var 41,7 milljónir kr. auk sérstaks framlags, en þar af var 26,3 milljónum kr. varið til greiðslu á aðgangi. Framlag um 200 greiðenda var um 126,9 milljónir kr.

Stærstu greiðendur eru háskóla-, heilbrigðis- og önnur rannsóknabókasöfn. Þau greiða stærsta hluta tímaritasafnanna (Elsevier, Karger, Sage, Springer og Wiley), aðgang að Web of Science og stóran hluta samsafna. Almenningsbókasöfn, framhaldsskólasöfn, stjórnsýslusöfn, fyrirtæki og samtök greiða hluta aðgangs að samsöfnum (EBSCOhost Premier og ProQuest Central) og aðgang að gagnasöfnum (Encyclopedia Britannica og greinasafn Morgunblaðsins) ásamt háskólabókasöfnum.

*Kostuð gagna- og greinasöfn:*

Fyrir utan hinn eiginlega Landsaðgang er aðgangur á öllu landinu að gagnasöfnum fyrir tilstilli aðila sem kosta þau. Greiðslur vegna þeirra eru ekki teknar með í tölum um kostnað við Landsaðgang og það sama á við um notkunartölur. Í upphafi árs 2017 hófst landsaðgangur að gagnasafninu Scopus sem er í boði; Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands, Landspítala, Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Krabbameinsfélags Íslands, Náttúrustofu Kópavogs og Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

**Kostaður landsaðgangur:**

**Aðilar sem kosta aðganginn:**

- EiVillage (Compendex) Verkfræðideild Háskóla Íslands, Háskólinn í Reykjavík, EFLA, Landsvirkjun, Mannvit, Orkuveita Reykjavíkur og VERKÍS.
- OVID Landspítali - Háskólasjúkrahús, Landlæknir, Háskólinn á Akureyri og Sjúkrahúsið á Akureyri.
- Journal Citation Reports Háskóli Íslands.
- ProQuest: ARTbibliographies Modern, SciTech Premium Collection og Social Science Premium Collection Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Háskólans í Bifröst, Hafrannsóknastofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Listaháskóla Íslands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
- Scopus Landspítali, Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskóli Íslands, Hafrannsóknarstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Krabbameinsfélag Íslands, Náttúrustofa Íslands, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

*Opinn aðgangur (OA):*

Á vef Landsaðgangsins, hvar.is, eru krækjur á gagnasöfn og ýmislegt efni sem er í opnum aðgangi (Open Access - OA). Þá er krækja í Tímaritaskrá Landsaðgangs (krækjukerfi SFX) að 10.727 tímaritum í opnum aðgangi hjá DOAJ - Directory of Open Access Journals.

Sífelld færast í vöxt að greitt sér fyrir birtingu greina í opnum aðgangi. Frá árinu 2013 hafa útgefendur tekið saman upplýsingar um birtingar skv. gullnu leiðinni og ljóst er að þeim fjölgar á milli ára. Eitt af verkefnum Landsaðgangs er að fylgjast með þróun á þessu sviði með tilliti til samninga við útgefendur.

## 4.0 ÞJÓNUSTA

Á vefnum hvar.is er yfirlit um þjónustu Landsaðgangsins. Þar er aðgangur að efni í áskrift og upplýsingar um starfsemina. Efni í landsaðgangi er leitabært og aðgengilegt eftir ýmsum leiðum, s.s. beint frá leitarvélum og vefsíðum birgja, frá vefjum bókasafna, skóla eða annarra stofnana, frá gegnir.is og leitir.is, gegnum skrána *Finna tímarit* á



landsbokasafn.is, með leitarvélum eins og Google og Google Scholar, en í gegnum krækjuckerfi þeirra er einnig hægt að komast í greinar í landsaðgangi. Markmiðið er að auðvelda notendum að nálgast efni Landsaðgangs og að það sé aðgengilegt sem víðast.

### **Verkefnaáætlun – 2017**

Á vegum Lbs-Hbs er unnið að árlegum verkefnaáætlunum og tekur umsjónarmaður þátt í því starfi. Þar eru sett fram verkefni sem falla að stefnu safnsins og átaksverkefni sem teljast til daglegra starfa. Á árinu 2017 tók umsjónarmaður þátt í:

- Norrænum fundi NordlicMeeting, sem fram fór í Stokkhólmi 15.-16. júní,

## **5.0 KYNNINGARSTARFSEMI OG FRÆÐSLA**

Umsjónarmaður tekur þátt í kynningarstarfi og fræðslu. Á meðal verkefna á árinu var:

- kynning á Landsaðgangi á námskeiði í upplýsingafræði við Háskóla Íslands í mars.
- kynning á Landsaðgangi fyrir erlendum gestum Lbs-Hbs.

Upplýsingum og fréttum var miðlað til notenda á vefnum hvar.is og á póstlistanum Skrudda, um bókasafna- og upplýsingamál. Þá eru tilkynningar sendar á póstlistann [hi-starf@hi.is](mailto:hi-starf@hi.is) sem berst starfsmönnum Háskóla Íslands.

### **Tilraunaaðgangur**

Enginn tilraunaaðgangur var á árinu.

### **Heimsóknir**

Fundur með Caroline Kennard, Lilian Stokoe og Adrian Murrey hjá Encyclopædia Britannica þann 29. september.

Fundur með sölumönnum hjá Content Online þann 19. október.

Fundur með Mervyn Bregonje hjá Elsevier þann 23. október.

Fundur með sölumönnum hjá Emerald þann 28. október.

## 6.0 NOTKUN

Frá og með árinu 2012 styðjast allir birgjar Landsaðgangs við COUNTER-staðalinn við notkunartalningu, ef frá er talið Morgunblaðið og Encyclopedia Britannica sem safnar notkunartölum samkvæmt staðlinum en hefur ekki sóst eftir vottun. Hjá útgefendum og samsöfnum eru taldar sóttar greinar í fullum texta eða sóttir bókarkaflar. Web of Science er tilvísanasafn, sem geymir upplýsingar um greinar og útdrætti úr þeim, en ekki fullan texta greinanna, heldur vísar í hann. Notkun á tilvísanasafninu Web of Science er mæld í heimsóknum (sessions) og leitum (queries).

Notkunartölur geta breyst milli ára ef uppgötvast að þær hafi verið of- eða vantaldar og er það þá leiðrétt með næstu ársskýrslu.

**Tafla 1.** Tímaritasöfn, fjöldi sótra greina í fullum texta.

Tímaritasöfn	2017	2016	2015	Breytingar
Elsevier Freedom Collection	<b>436.986</b>	403.056	339.080	<b>8,4%</b>
Karger Complete	<b>4.307</b>	4.992	4.759	<b>-13,7%</b>
SAGE Premier 2016*	<b>61.212</b>	72.600	84.018	<b>-15,7%</b>
Springer tímaritapakki	<b>117.161</b>	79.667	68.552	<b>47,1%</b>
Wiley tímaritapakki**	<b>94.900</b>	93.443	99.098	<b>1,6%</b>
<b>Samtals</b>	<b>714.566</b>	<b>653.758</b>	<b>595.507</b>	<b>10,9%</b>

\* Notkun hjá Sage er áætluð fyrir 2016

\*\*Notkun hjá Wiley er áætluð fyrir 2017

**Tafla 2.** Samsöfn, fjöldi sótra greina í fullum texta.

Samsöfn	2017	2016	2015	Breytingar
EBSCOhost Premier	<b>79.978</b>	90.312	113.433	<b>-11,4 %</b>
ProQuest Central	<b>139.766</b>	195.490	199.000	<b>-28,5%</b>
<b>Samtals</b>	<b>219.744</b>	<b>282.802</b>	<b>312.433</b>	<b>-23,1%</b>

**Tafla 3.** Gagnasöfn, fjöldi sótra greina í fullum texta.

Gagnasöfn	2017	2016	2015	Breytingar
Britannica Online	<b>225.642</b>	92.065	122.236	<b>145,1%</b>
Oxford Music Online**	<b>0</b>	0	2.349	-
<b>Samtals</b>	<b>225.642</b>	<b>96.065</b>	<b>124.585</b>	<b>145,1%</b>

\*Aðgangur og áskrift að Oxford Music Online hætti í árslok 2015.

**Tafla 4.** Samanlagður fjöldi söttra greina.

Heildarfjöldi söttra greina	2017	2016	2015	Breytingar
Tímarita-, sam- og gagnasöfn	<b>1.159.952</b>	1.031.625	1.032.525	<b>12,4%</b>

**Tafla 5.** Rafbækur, fjöldi söttra bókarkafla í fullum texta.

Rafbækur	2017	2016	2015	Breytingar
Springer	<b>72.031</b>	49.914	70.721	<b>44,3%</b>

**Tafla 6.** Samanlagður fjöldi söttra greina og rafbókakafla.

Heildarfjöldi greina og rafbókakafla	2017	2016	2015	Breytingar
Tímarita-, sam-, gagna- og rafbókasöfn	<b>1.231.983</b>	1.171.420	1.134.048	<b>10,6%</b>

**Tafla 7.** Greinasafn Morgunblaðsins með 3ja ára birtingartöf, fjöldi söttra greina.

Gagnasafn	2017	2016	2015	Breytingar
Morgunblaðið	<b>1.677.907</b>	1.688.948	1.610.026	<b>-0,6%</b>

**Tafla 8.** Samanlagður fjöldi söttra greina og rafbókakafla allra gagnasafna.

Heildar fjöldi söttra greina og bókakafla	2017	2016	2015	Breytingar
Tímarita-, sam-, gagna- og rafbókasöfn og Morgunblaðið	<b>2.909.890</b>	2.860.368	2.744.074	<b>1,7%</b>

**Tafla 9.** Tilvísanasafn, fjöldi heimsókna og fjöldi leita.

Tilvísanasafn	2017	2016	2015	Breytingar
Web of Science heimsóknir/sessions)	<b>77.494</b>	83.498	94.898	<b>-7,2%</b>
Web of Science (leitir/queries)*	<b>48.100</b>	51.058	122.813	<b>-5,8%</b>

\*Áætlaður fjöldi leita árið 2017

**Tafla 10.** Vefgáttin hvar.is.

Vefgáttin hvar.is	2017	2016	2015	Breytingar
Heimsóknir (sessions)	<b>44.661</b>	47.224	57.073	<b>-17,3%</b>
Flettingar (page impressions)	<b>77.898</b>	83.039	103.647	<b>-6,2%</b>

Heimsóknum á vefinn hvar.is fækkaði um riflega 17% á árinu. Flettingum (hver einstök

tenging notanda við vef) fækkaði um ríflega 6%. Notendur hafa um margar leiðir að velja til að komast í tímarit og tímaritsgreinar sem eru í landsaðgangi (sjá kafla 4.0) og því er eðlilegt að notkun á hvar.is hafi dalað. Umferð um hvar.is er mæld með samræmdri vefmælingu með Google Analytics líkt og aðrir vefir Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

## 7.0 YFIRLIT

Fjöldi sóttra greina í tímaritasöfnum jókst að meðaltali um tæplega 11% árið 2017. Hjá Elsevier – Freedom Collection var aukningin ríflega 8%, hjá Karger varð fækkun á fjölda sóttra greina um tæplega 14%, hjá SAGE fækkað sóttum greinum um tæplega 16%, hjá Springer var aukning um ríflega 47% og notkun hjá Wiley jókst um tæplega 2%. Notkunartölur eru skráðar samkvæmt COUNTER staðli. Á síðasta ári kom í ljós að í notkunartölum 2015-2017 voru einnig meðtaldar sóttar greinar sem birtar höfðu verið í opnum aðgangi. Nú er búið er að draga frá fjölda sóttra greina sem birtar hafa verið í opnum aðgangi á tímabilinu á ársskýrslunni.

Heildarfjöldi sóttra greina í fullum texta í samsöfnum var að meðaltali ríflega 23% minni samanborið við fyrra ár. Hjá EBSCOhost Premier varð ríflega 11% samdráttur á fjölda sóttra greina og hjá ProQuest Central varð ríflega 28% samdráttur.

Notkun á Encyclopædia Britannica jókst um ríflega 145%. Áskrift að Oxford Art Online hætti í upphafi árs 2014 og að Oxford Music Online í árslok 2015.

Fjöldi sóttra bókakafla í rafbókasöfnum frá Springer jókst um ríflega 44%.

Heildarfjöldi greina og rafbókakafla í fullum texta jókst um tæplega 14%.

Fjöldi sóttra greina í greinasafni Morgunblaðsins dróst saman um ríflega 0,5%.

Heildarfjöldi sóttra greina og bókarkafna ásamt blaðagreinum úr Morgunblaðinu jókst um tæplega 2%.

Heimsóknum í Web of Science fækkaði um ríflega 7% og fjöldi leita er áætlað að hafi fækkaði um ríflega 6%.

Fjöldi heimsókna á vefgáttina hvar.is fækkaði um ríflega 5% og flettingum fækkaði um ríflega 6%.

Nánari upplýsingar um notkun er að finna á vef Landsaðgangs - hvar.is, á undirsíðunni *Um landsaðgang* og velja svo *Notkunartölur*.

Maí 2018,  
Birgir Björnsson  
umsjónarmaður Landsaðgangs að rafrænum áskriftum.